

## Fundur í Fagráði loftræsikerfa nr. 2

<b>Fundarefni:</b>	Drög að Byggingarreglugerð.		
<b>Fundardagur:</b>	12.10.2011	<b>Fundartími:</b>	17.00 – 18.30
<b>Fundarstaður:</b>	Lagnatækni, Hamraborg 12	<b>Fundarritari:</b>	Kristján Oddur
<b>Fundarmenn:</b>	Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS), Sigurgeir Þórarinsson (SP), Kjartan Mar Eiríksson (KME) og Guðmundur Jónatansson (GJ).		
<b>Dreifing:</b>	Fundarmenn, Karl Hákon Karlsson (KHK), Gunnar Björn Guðbjörnsson (GBG) og Kristján Ottóson LAFÍ.		

Fundargerð síðasta fundar samþykkt, fyrir utan eitt atriði sem bar að skýra betur. Fyrir miðju blaði stóð; „Ef þetta verður innleitt í allar nýbyggingar og farið í endurbætur á eldra húsnæði skapast ákveðin slyshætta þar sem við erum þá komnir með tvöfalt kerfi.” Í stað tvöfalds kerfis ætti að standa tvö mismunandi kerfi.

Rætt var aðallega um 10. kafla nýrra draga Byggingarreglugerðar - "Hollusta, heilsa og umhverfi". Það má almennt segja að fagráðið telur að töluverð vinna sé eftir í að ná þessum kafla ásættanlegum. Ekki var farið djúpt í yfirferð á kaflanum á fundinum. Eftirfarandi athugasemdir komu þó fram;

- Fundarmenn vilja frekar sjá orðið „byggingar” notað í kaflanum en orðið „mannvirki”.
- Rætt var um möguleika á að nota frekar tilvitnanir í staðla eins og ÍST EN 13779, ÍST EN 15251 ofl. í stað þess að setja fram lágmarksgildi fyrir mismunandi gerðir bygginga.

Farið var einnig að hluta til í kafla 14 - Lagnir og tæknibúnaður og þá fyrst og fremst um kafla 14.9.2 Orkunotkun. Rætt var fyrstu málsgreinina sem fjallar um varmaendurvinnslu í loftræsikerfum. Þetta er atriði sem þarf að ræða nánar. Spurningar eins og hvort verið sé að útiloka alla varmaendurvinnslu utan hjólvarmaskipta með 70% kröfu og einnig þarf að huga að orðalagi í lok málsgreinarinnar. Þar þarf að taka tillit til kerfa sem krefjast algjörs aðskilnaðar innblásturs og útsogs og þar að leiðandi er ekki hægt að nota annað en „coil to coil” í varmaendurvinnslu.

Ákveðið er að halda áfram með umræður um drögin á næsta fundi eftir tvær vikur. Meðlimir fagráðsins eru hvattir til að kynna sér drögin frekar, en þá fyrst og fremst kafla 10 og 14. Drögin fylgja með tölvupóstinum sem viðhengi.

*Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 26. október næstkomandi, kl.17.00. Fundurinn verður haldinn hjá Verkís, Ármúla 4.*